

Skipulags- og umhverfisnefnd Fjallabyggðar

Nanna Árnadóttir formaður.

Undirritaður óskar eftir leyfi til að taka ármöl í “lóni” Skútuár til að hækka vegarspotta sem liggur frá Árósi að Siglufjarðarflugvelli.

Árið 1983 var Siglufjarðarflugvöllur lengdur um 400-500 metra. Þá var grafinn skurður til norðurs gegnum Ráeyrarskriðu svonefnda til að veita Skútuá út í sjó og þar var einnig gert nokkurskonar lónstæði og lagður vegarspotti að flugvellinum á sama stað. Síðan þá hefur lónið að miklu leyti fyllst af framburði árinnar og þar sem áður var alldjúpt vatn og hyljur eru nú mikil malarset. Fyrir vikið stendur árvatnið mun hærra en ella og í vatnsveðrum og vatnavöxtum á síðustu árum hefur áin streymt yfir umræddan veg og valdið miklum flóðum suður með flugvellinum – í Saurbæjarmýrum. Þessi flóð hafa orðið tíðari með ári hverju og hafa margir tekið eftir að í fréttum fjölmörla hefur ítrekað verið sagt frá því að Siglufjarðarflugvöllur sé hálfur á kafi í vatni eða völlurinn sé “kominn á flot”.

Þá er mikið fuglavarp þarna á stóru svæði sem hefur spillst af sömu ástæðum. Áætlað er að hækka veginn um 20-50 sm á um 50 m parti til að hindra þessi flóð – með um 50 rúmmetrum af möl. Heitið er góðri umgengni og frágangi við árfarveg.

Virðingarfallst!

Siglufirði 27. apríl 2021. Örlygur Kristfinnsson

Örlygur Kristfinnsson



Vegarslóðinn til hægri. Malar og grjótframburður árinnar innan rauðrar línu.



Skútuá flæðir yfir vegarslóðann – flugvöllur fjær.



Flóðið í Saurbæjarmýrum – flugvallarbyggingar fjærst til hægri.